

## ÓMUR

**Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 2. október 2014 í máli nr. E-47/2013:**

**IceCapital ehf.**

*(Ómar Örn Bjarnþórsson hdl.)*

**gegn**

**Fjárfestingafélaginu Pluma ehf.**

*(Gestur Gunnarsson hdl.)*

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu birtri 28. desember 2012, var tekið til dóms 4. september sl. Stefnandi er Þrotabú IceCapital ehf., Smáratorgi 3, Kópavogi, en stefndi er Fjárfestingafélagið Pluma ehf., Digranesvegi 10, Kópavogi.

Stefnandi gerir þá dómkröfur að rift verði með dómi greiðslum IceCapital ehf. til stefnda að fjárhæð alls 20.080.000 krónur á tímabilinu 17. mars 2010 til 18. janúar 2012.

Í öðru lagi krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 20.080.000 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 5.647.500 krónum frá 17. mars 2010 til 26. maí 2010, af 8.785.000 krónum frá þeim degi til 26. júlí 2010, af 10.040.000 krónum frá þeim degi til 2. september 2010, af 10.667.500 krónum frá þeim degi til 27. október 2010, af 11.295.000 krónum frá þeim degi til 6. desember 2010, af 11.922.500 krónum frá þeim degi til 28. desember 2010, af 12.550.000 krónum frá þeim degi til 10. febrúar 2011, af 13.177.500 krónum frá þeim degi til 7. mars 2011, af 13.805.000 krónum frá þeim degi til 7. apríl 2011, af 14.432.500 krónum frá þeim degi til 2. maí 2011, af 15.060.000 krónum frá þeim degi til 27. maí 2011, af 15.687.500 krónum frá þeim degi til 4.7.2011, af 16.315.000 krónum frá þeim degi til 28. júlí 2011, af 16.942.500 krónum frá þeim degi til 29. ágúst 2011, af 17.570.000 krónum frá þeim degi til 3. október 2011, af 18.197.500 krónum frá þeim degi til 25. október 2011, af 18.825.000 krónum frá þeim degi til 28. nóvember 2011, af 19.452.500 krónum frá þeim degi til 5. janúar 2012, af 19.952.500 krónum frá þeim degi til 18. janúar 2012 og af 20.080.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi gerir þær dómkröfur að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi veri dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Með úrskurði 29. janúar 2014 var frávísunarkröfu stefnda hrundið.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 14. mars 2012 var bú stefnanda IceCapital ehf. tekið til gjaldþrotaskipta en skiptabeiðandi var Arion banki hf. Skiptastjóri var skipaður sama dag í þrotabúinu. Frestdagur í búinu var 26. janúar 2012. Innköllun birtist í Lögbirtingablaði þann 23. mars 2012 og aftur 30. s.m. Skiptafundur um lýstar kröfur var haldinn þann 31. maí s.á. Í júní 2012 barst skiptastjóra bókhald félagsins á rafrænu formi. Deloitte ehf. var falið að rannsaka bókhald félagsins og var samantekt vegna rannsóknarinnar skilað til skiptastjóra í desember 2012. Stefnandi hét áður Sund ehf. Samkvæmt hlutafélagaskrá var tilgangur félagsins umboðs- og heildverslun, eignarhald og viðskipti með verðbréf, rekstur og eignarhald fasteigna, svo og lánastarfsemi. Stefnandi átti hlut í íslensku viðskiptabönkunum. Stefnandi segir að við fall þeirra hafi félagið að mestu orðið eignalaust en setið eftir með háar skuldir.

Stefnandi segir að við athugun endurskoðunarfyrtækisins Deloitte á bókhaldi og bankayfirliti stefnanda hafi komið í ljós alls 20 millifærslur milli stefnanda og stefnda, samtals að fjárhæð 20.080.000 krónur. Millifærslurnar hafi verið á tímabilinu frá 17. mars 2010 til 18. janúar 2012:

<b>Dagsetning millifærslu:</b>	<b>Fjárhæð:</b>
17.3.2010	5.647.500
26.5.2010	3.137.500
26.7.2010	1.255.000
2.9.2010	627.500
27.10.2010	627.500
6.12.2010	627.500
28.12.2010	627.500
10.2.2011	627.500
7.3.2011	627.500
7.4.2011	627.500
2.5.2011	627.500
27.5.2011	627.500

4.7.2011	627.500
28.7.2011	627.500
29.8.2011	627.500
3.10.2011	627.500
25.10.2011	627.500
28.11.2011	627.500
5.1.2012	500.000
18.1.2012	127.500
<b>Samtals:</b>	<b>20.080.000</b>

Allar færslurnar hafi verið skráðar með sama hætti í bókhaldi félagsins sem „greiðslur fyrir reikningshald og ráðgjöf“. Á þeim tíma hafi KPMG annast bókhald félagsins sem hafi ekki verið umfangsmikið, enda svo til engin starfsemi í félaginu, litlar eignir og fáir starfsmenn á launaskrá.

Stefndi, Fjárfestingafélagið Pluma ehf., hafi áður heitið Pluma Verklag ehf. og þar áður Paint ehf. Stefndi sé í eigu Páls Þórs Magnússonar og eiginkonu hans, Gabríelu Kristjánsdóttur. Gabríela hafi verið eigandi að þriðjungshlut í stefnanda á móti bróður sínum og móður. Þá hafi Páll einnig starfað fyrir stefnanda og því ljóst að stefndi sé nákominn aðili í skilningi laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl.

Stefnandi telur þær millifærslur sem framkvæmdar voru á tímabilinu 17. mars 2010 til 18. janúar 2012 hafa verið gjafir frá stefnanda til stefnda. Þær hafi verið til þess gerðar að koma fjármunum undan fullnustugerðum skuldheimtumanna og til hagsbóta fyrir stefnda.

Á því er byggt af hálfu stefnanda að stefnandi hafi verið ógjaldfært félag í skilningi laga nr. 21/1991 frá septembermánuði 2008 og þar af leiðandi ógjaldfært þegar hinar riftanlegu ráðstafanir áttu sér stað. Á þessum tíma hafi stefnandi verið nær signalaust félag en skuldir félagsins numið mörgum milljörðum króna. Þessu til stuðnings megi t.d. benda á að samkvæmt ársreikningum stefnanda 2008 og 2009 hafi eigið fé stefnanda verið neikvætt um 17,5 milljarða króna í lok árs 2008 og um rúma 24,6 milljarða króna í árslok 2009. Í ársreikningi félagsins 2008 segi m.a. að tap ársins 2008 nemi rúmlega 32,2 milljörðum króna og eigið fé félagsins sé neikvætt í árslok um 17.579.000 króna. Þessi atriði valdi því að vafi leiki á um rekstrarhæfi félagsins.

Þessu til frekari stuðnings vísar stefnandi til þess að fram komi í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 að á tímabilinu frá 1. janúar 2007 til 30. september 2008 hafi skuldir stefnanda og tengdra félaga hækkað um 44,7 milljarða króna. Í evrum talið hafi skuldbindingar félaganna hækkað um 236,5 milljónir eða 117%. Á sama tímabili hafi nýjar lánveitingar samkvæmt ákvörðun lánanefnda numið 43,3 milljörðum króna.

Fyrirsvarsmönnum stefnanda hafi augljóslega verið ljóst að félagið var ógjaldfært þegar hinar riftanlegu ráðstafanir áttu sér stað. Í raun hafi stjórnarformaður stefnanda viðurkennt það í skýrslutöku hjá skiptastjóra þegar hann lýsti því hvernig eignahlið stefnanda hafi þurrkast út við hrun viðskiptabankanna haustið 2008 og aðeins skuldir staðið eftir. Það hafi verið undir þessum kringumstæðum sem hinir riftanlegu ráðstafanir hafi verið gerðar.

Í bókhaldi stefnanda hafi verið bókaðar millifærslur sem „greiðslur fyrir reikningshald og ráðgjöf“. Á sama tímabili liggja fyrir að KPMG hafi annast reikningshald og bókhald fyrir félagið. Þá liggja einnig fyrir að engum ársreikningum hafi verið skilað af hálfu stefnanda á tímabilinu, engin eða afar lítil starfsemi hafi verið í gangi hjá stefnanda á þessum tíma og fáir ef nokkrir starfsmenn að störfum á vegum félagsins. Þá hafi engar eignir verið til staðar sem halda hafi þurfti utanum. Engin þjónusta hafi því komið í staðin fyrir umræddar greiðslur og því um hreina gjöf að ræða frá stefnanda til stefnda sem feli í sér riftanlega ráðstöfun.

Augljóst sé að gerningurinn hafi ekki verið nauðsynlegur í þágu atvinnurekstrar stefnanda og hvorki eðlilegur með tilliti til sameiginlegra hagsmuna lánardrottna né til að fullnægja daglegum þörfum. Þvert á móti hafi tilgangurinn verið að koma verðmætum undan gjaldþrotaskiptum með því að setja þau yfir í félag í eigu sömu aðila eða nákominna. Þetta hafi fyrirsvarsmönnum félaganna verið ljóst, enda þeim ekki dulist að fjárhagsleg staða stefnanda var orðin verulega slæm.

Stefnandi byggir riftunarkröfu sína aðallega á því að millifærslurnar 20, sem raktar eru í málsatvikalýsingu hér að framan, hafi verið gjafagerningur sem sé riftanlegur á grundvelli 1. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991. Stefnandi og stefndi séu nákomnir í skilningi 3. gr. laga laganna og þar af leiðandi eigi ákvæði 2. mgr. 131. gr. laganna, sbr. bráðabirgðaákvæði 1. mgr. 194. gr. laganna, við um gjafagerninginn. Þá hafi stefnandi, á þeim tíma er ráðstöfunin fór fram, verið ógjaldfær í skilningi 64. gr. laganna.

Stefnandi byggir riftunarkröfu sína einnig á ákvæði 141. gr. laga nr. 21/1991. Stefnandi byggir á að umrædd ráðstöfun hafi verið ótilhlýðileg og leitt til þess að eignir hins gjaldþrota félags voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum auk þess sem stefnandi hafi verið ógjaldfær á þeim tíma sem gerningarnir áttu sér stað og fyrirsvarsmenn félaganna vitað eða mátt vita af ógjaldfærni stefnanda og þeim aðstæðum sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

Fjárkrafa stefnanda byggist á 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 verði henni rift á grundvelli ákvæðis 131. gr. laganna. Þar sé mælt fyrir um að sá sem hag hafi af riftanlegri ráðstöfun skuli greiða þrotabúi fé sem svari til þess sem greiðsla

protamanns hafi orðið honum að notum. Stefnandi byggir á því að hin riftanlega ráðstöfun hafi komið stefnda að sömu notum og svari til fjárhæðar hennar þar sem um peningagreiðslu var að ræða.

Verði á hinn bóginn fallist á riftun á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991 er endurgreiðslukrafa stefnanda reist á 3. mgr. 142. gr. laganna. Síðarnefnda ákvæðið mæli fyrir um að sá sem hag hafi haft af riftanlegri ráðstöfun greiði bætur eftir almennum reglum. Stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni sem numið hafi fjárhæð hinnar riftanlegu ráðstöfunar, enda hefðu fjármunirnir nýst stefnanda að fullu til úthlutunar upp í lýstar kröfur í þrotabú stefnanda. Bæði reglur 1. og 3. mgr. 142. gr. laganna leiði til sömu fjárkröfu sem sé stefnufjárhæð þessa máls.

Stefnandi byggir fjárkröfu sína einnig á ákvæðum 51. gr. og 70. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Við gjaldþrotaskiptin hafi stefnandi eignast skaðabótakröfu hins gjaldþrota félags á hendur stefnda, sbr. XII. kafla laga nr. 21/1991. Stefnandi bendir á að stefndi hafi vitað, eða mátt vita, að greiðsla stefnanda til stefnda hafi verið brot á ákvæðum laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, sbr. 2. tl. 1. mgr. 52. gr. laganna. Stefnandi byggir á því að ráðstöfunin hafi verið bæði hluthöfum stefnanda eða öðrum, það er hluthöfum stefnda, til ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað stefnanda og kröfuhafa hans. Með sömu rökum vísar stefnandi til 70. gr. laganna.

Ennfremur byggir stefnandi á meginreglu gjaldþrotaskiptaréttar um jafnræði kröfuhafa og á almennum reglum kröfuréttar.

Dráttarvaxtakrafa sé reist á III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Krafa um riftun er einkum reist á 131. og 141. gr. laganna. Fjárfkrafa stefnanda byggist á 1. og 3. mgr. 142. gr. gjaldþrotalaga, almennum reglum skaðabótaréttarins sem og ákvæðum laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og reglum kröfuréttar. Um vexti og dráttarvexti er vísað til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þá er krafa um málskostnað reist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing er vísað til V. kafla sömu laga. Þá bendir stefnandi á að samkvæmt 1. mgr. 148. gr., sbr. bráðabirgðaákvæði 194. gr. gjaldþrotalaga, er mál þetta höfðað innan málshöfðunarfrests.

## II

Stefndi hafnar því að um gjafir hafi verið að ræða heldur sanngjarnt og eðlilegt endurgjald stefnanda fyrir verktakavinnu sem stefndi hafi selt stefnanda eftir að hann hvarf af launaskrá hjá stefnanda.

Stefndi kveður engan ágreining um það að í kjölfar hruns viðskiptabankanna þriggja í byrjun október 2008 hafi stefnandi orðið fyrir miklu tjóni þar sem hlutabréf í viðskiptabönkunum þremur, Glitni banka hf., Kaupþingi banka hf. og Landsbanka Íslands hf., hafi orðið verðlaus. Vegna gengishruns og óðaverðbólgu hafi lán öll stökktbreyst. Þetta hafi sett stefnanda í þrönga stöðu og mörg þeirra fyrirtækja sem stefnandi hafði lagt fé í, svo sem Norðurflug ehf. og

bifreiðaumboðin B&L og Ingvar Helgason ehf. Umboð þessi hafi þó ekki verið keypt með skuldsettri yfirtöku heldur fyrir eigið fé. Líkt og gert hafi verið á vordögum 2007 þegar stór hlutur hafi verið keyptur í Glitni banka hf. af Kaupþingi banka hf. sem hafi verið aðalviðskiptabanki stefnanda og séð að mestu um eignastýringu fyrir stefnanda. Eftir bankahrunið og í ljósi þess tjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir hafi eigendur stefnanda ákveðið að láta sjö ný einkahlutafélög taka yfir jafn margar rekstrareiningar stefnanda. Ákveðið hafi verið að stefndi stofnaði öll félögin og Páll Þ. Magnússon, sem starfsmaður stefnda, reyndi að bjarga þeim verðmætum sem flutt voru til hinna nýju félaga eða í það minnsta draga sem mest úr tjóni stefnanda, lánardrottna hans og eigenda. Eignayfírfærslan hafi almennt átt að vera á bókfærðu verði viðkomandi eigna og greiða fyrir þær með skuldabréfi með einni afborgun höfuðstóls og vaxta. Hafi almennt verið við það miðað að lánstími væri minnst fjögur ár. Með þessu hafi átt að reyna að skapa ró um rekstrareiningar stefnanda meðan unnið væri úr fjárfestingastarfsemi hans en staða þeirra mála hafi verið afar óljós af mörgum ástæðum eins og m.a. sé tíundað í ársreikningi 2009 og vegna deilna um hvort lán væru eða væru ekki gengistryggð. Með ráðstöfunum eigenda og stjórnenda stefnanda hafi menn ekki verið að skjóta eignum undan kröfuhöfum. Ráðstafanir þessar hafi hvorki falið í sér málamyndané gjafagerninga þar sem í flestum tilvikum hafi þurft að semja við lánveitendur um skuldir sem tengdust hverjum rekstararþætti fyrir sig.

Félögin sem stofnuð voru hafi fengið heitin E.S. Holding ehf., F.S. Holding ehf., NF-Holding ehf. Brun Holding ehf., Tuscon Properties ehf. IBEB ehf. og Fasteignafélagið okkar ehf. E.S. Holding ehf. hafi fengið það hlutverk að halda utan um eignarhlut í bifreiðaumboðunum B&L og Ingvar Helgason ehf. Íslandsbanki hf., sem stofnaður var á rústum Glitins banka hf. í október 2008, hafi tekið yfir lán Glitnis banka hf. til bifreiðaumboðanna. Þótt bankinn hafi haft veð í öllum hlutum hafi hann óskað eftir því að E.S. Holding ehf. færi með hlutina af samkeppnislegum ástæðum. Þess hafi jafnframt verið óskað að Páll Þ. Magnússon sæti í stjórn bifreiðaumboðanna allt þar til þau fóru í sölufærli á vegum Íslandsbanka hf. Páll hafi gert það og hafi þar með gætt hagsmuna stefnanda. F.S. Holding ehf. hafi tekið yfir hluti í Fasteignafélaginu Sævarhöfða ehf., Páll hafi setið í stjórn Fasteignafélagsins Sævarhöfða ehf. þar til bifreiðaumboðin fóru í sölufærli. Engar kröfu hafi fallið á stefnanda vegna þessa félags. NF. Holding ehf. hafi gert samning við stefnanda 12. desember 2008 um kaup á hlutafé félagsins í Norðurflugi ehf. sem þá rak þrjár þyrlur. Samningurinn hafi verið bundinn því skilyrði að NF Holding ehf. losaði Ágúst Bjarnason, Gabríelu Kristjánsdóttur, Gunnþórunni Jónsdóttur, Jón Kristjánsson, Sigtrygg Leví Kristófersson og Sigurð Þ. Sigurðsson undan sjálfskuldarábyrgð á láni Kaupthing Bank Lúxemborg til Norðurflugs ehf. Frestur til þess hafi verið sjö dagar. NF Holding ehf. hafi ekki tekist þetta. Páli Þ. Magnússyni hafi með lagni tekist að halda Norðurflugi ehf. á floti með því að leggja því til lánsfé og afla félaginu nýs hlutafjár sem eðli máls samkvæmt leiddi til þess að hlutir stefnanda þynntust út. Á endanum hafi þess svo verið krafist að Páll Þ. Magnússon gengist í ábyrgð fyrir skuldinni gagnvart Kaupthing Bank sem þá hafði verið flutt til félags að nafni Pillar. Burn Holding ehf. hafi verið fengið það hlutverk að halda utan um sjóði sem voru í samnefndu félagi í Lúxemborg. Þetta hafi kallað á fjölmargar ferðir Páls Þ. Magnússonar til Lúxemborgar sem greitt var fyrir af stefnda. Stefndi hafi líka greitt fyrir alla þá þjónustu sem kaupa þurfti í Lúxemborg til að fá botn í stöðu mála gagnvart þarlandum útibúum íslensku viðskiptabankanna sem öll hafi verið komin í þrot eða einhvers konar slitameðferð. Á endanum hafi komið í ljós að best væri að afsala

öllum eignum til kröfuhafa.

Trucson Properties ehf. hafi haldið utan um eignarhlut í samnefndu félagi í Lúxemborg sem hafi rekið fiskvinnslu í Suður-Kóreu. Líkt og varðandi Burn Holding ehf. hafi þetta kallað á mikil ferðalög til Lúxemborgar og kaup á ráðgjafarþjónustu bæði þar og í Kóreu. Allt það hafi verið greitt af stefnda. Hafi farið svo að lokum að eignir félagsins voru framseldar kröfuhöfum. Engar kröfur hafi fallið á stefnanda vegna þessa. IBEB ehf. hafi verið falið það hlutverk að halda utan um hluti í fasteignasjóði í Berlín, Kurfust. Sá sjóður hafi fallið í hendur kröfuhafa Spron. Þegar stefnandi var tekinn til gjaldþrotaskipta hafi ekki enn fengist neinn botn í uppgjör á sjóðnum sem muni vera í vörslum Dróma hf. Fasteignafélagið okkar ehf. hafi tekið yfir allar fasteignir stefnanda á matsverði sem hafi verið hátt. Byr sparisjóður og Íslandsbanki hf. hafi átt veð í nokkrum þessara eigna. Af ástæðum Páli Þ. Magnússyni ókunnum hafi hvorugt þessara fjármálafyrirtækja fengist til að semja um skuldskeytingu lána sem á þeim hvíldu. Hafi fyrirtækin gjaldfellt lán sín og selt verðmætustu eignirnar á nauðungarsölu og þar með stórskaðað stefnanda.

Fyrir alla þá vinnu sem Páll Þ. Magnússon og aðrir starfsmenn stefnda inntu af hendi í þágu stefnanda hafi verið gerðir þeir reikningar sem liggja frami í málinu. Öll sú vinna hafi nýst stefnanda fullkomlega. Hefði hún ekki verið unnin hefði skiptastjóri væntanlega orðið að vinna hana. Það sé rangt að KPMG hf. hafi fært bókhald stefnanda. Það hafi starfsmaður stefnda, Hrafnhildur Jóakimsdóttir, gert. Vegna vinnu Páls Þ. Magnússonar og Hrafnhildar hafi skiptastjóri getað fengið í hendur bókhald og öll bókhaldsgögn og látið greina allar ráðstafanir fjármuna stefnanda.

Greiðslur stefnanda til stefnda hafi ekki verið gjöf í skilningi 1. mgr. 131. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., heldur þóknun fyrir mikla vinnu sem hafi skilað sér fullkomlega fyrir stefnanda og kröfuhafa hans og hafi að miklu leyti verið unnin í samráði við þá til að takmarka tjón þeirra. Greiðslunum verði heldur ekki rift á grundvelli 141. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., enda ekkert ótilhlýðilegt við það að reyna að takmarka tjón kröfuhafa þegar efnahagslegar hamfarir ganga yfir eins og reyndin var á árinu 2008.

Stefndi hafnar því að eignir stefnanda séu ekki til reiðu fyrir kröfuhafa hans. Samkvæmt framlagðri kröfuskrá liggja fyrir að lýst var 22 kröfum í bú stefnanda. Af þeim séu kröfur að fjárhæð liðlega 14,7 milljarðar sagðar vera veðkröfur sem þó sé ekki tekin afstaða til. Almennar kröfur, sem lýst var, séu að fjárhæð liðlega 36,4 milljarðar. Einni þeirra að fjárhæð liðlega 225 milljónir sé hafnað. Engin mótmæli hafi borist við þeirri höfnun ef marka megi fundargerð kröfuhafafundar. Sex almennar kröfur að fjárhæð 2.375.448 krónur hafi verið samþykktar. Til annarra lýstra krafna hafi skiptastjóri ekki tekið afstöðu og því sé með öllu óljóst hverjir hafi átt kröfur á hendur stefnanda þegar hann greiddi stefnda þóknun fyrir störf starfsmanna stefnda við að takmarka sem mest tjón stefnanda.

Rannsóknarskýrsla Alþingis sé ekkert sönnunargagn um fjárhagsstöðu stefnanda eins og byggt virðist á af hálfu stefnanda í stefnu. Efnahagur stefnda hafi vissulega orðið fyrir höggi þegar íslenskt efnahagslíf hrundi í kjölfar setningar neyðarlaganna 7. október 2008. Á stjórnendum stefnanda hafi hvílt sú skylda að reyna að takmarka tjón hluthafa og lánardrottna og að því hafi verið unnið allt þar

til félagið var knúð í þrot af Arion banka hf. sem tekið hafði við lánssamningum Kaupþings banka hf. á hendur stefnanda en ekki þeim eignum sem stefnandi átti og hafði átt í eignastýringu hjá Kaupþingi banka hf. Formlegt uppgjör á þeim viðskiptum við Kaupþing banka hf. hafi aldrei fengist en slitabú bankans muni enn vera að reyna að ná til sín eignum sem fjárfest hafði verið í fyrir stefnda á erlendri grundu. Krafa LBI hf. á hendur stefnanda að fjárhæð um 27,5 milljarða króna sé hrein markleysa og geti aldrei fengist samþykkt á hendur búi stefnanda. Svo kunni einnig að vera um fleiri kröfur sem lýst hefur verið.

Stefndi byggir á því að meðan ekkert liggi fyrir um hverjar séu raunverulegar skuldir búsins verði ráðstöfun þeirri sem krafist er riftunar á í máli þessu ekki rift á grundvelli 141. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. Verði riftunarkrafa stefnanda tekin til greina eignist stefnandi fjárkröfu á hendur stefnda. Verði rift á grundvelli 1. mgr. 131. gr. beri stefnda að endurgreiða stefnanda þá peninga sem hann fékk. Verði rift á grundvelli 141. gr. beri stefnda að greiða bætur eftir almennum reglum. Á stefnanda hvíli sönnun um tjón hans.

Stefndi verði hins vegar ekki dæmdur til að greiða dráttarvexti, þar sem dómkrafa stefnanda um dráttarvexti sé hvorki í samræmi við ákvæði d liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 né ákvæði III. kafla og 11. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, hvað þá dómafordæmi Hæstaréttar Íslands um framsetningu dráttarvaxtakrafna í málum. Stefndi mótmælir því að stefnandi fái bætt úr þessum hnökrum á málatilbúnaði sínum. Beri dómara því að vísa dráttarvaxtakröfunni frá dómi ex officio, enda verði hún ekki tekinn upp óbreytt sem ályktunarorð dómsniðurstöðu í málinu.

Stefnda sé með öllu óskiljanleg sú málsástæða stefnanda að fjárkrafa hans í málinu styðjist einnig við ákvæði 51., 70. og 79. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og almennu skaðabótaregluna. Undir dómkröfum í stefnu sé gerð krafa um riftun á greiðslum sem fóru fram 17. mars 2010 til 18. janúar 2012 að fjárhæð 20.080.000 krónur og greiðslu þess fjár með dráttarvöxtum. Umfjöllun í stefnu geri ráð fyrir því að stefnandi eigi einhvers konar skaðabótakröfu á hendur stefnda þar sem forsvarsmenn stefnanda hafi greitt stefnda fé sem hann hafi ekki unnið fyrir og rýrt með því endurheimtu annarra kröfuhafa. Tilvísun stefnanda til 51., 70. og 79. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 sé hreinlega út úr kú og hafi engin tengsl við sakarefni máls þessa. Engin grein sé gerð fyrir því í stefnunni hvernig almenna skaðabótareglan eigi að geta leitt til bótaskyldu stefnda gagnvart stefnanda í máli þessu. Þá beri þess einnig að geta að í 71. gr. laga um einkahlutafélög sé að finna sérstakt málshöfðunarákvæði, auk þess sem skaðabótakröfur, samkvæmt lögum um einkahlutafélög hafi lotið, í það minnsta á árunum 2008, 2009 og fram yfir mitt ár 2010, sérstökum fyrningarreglum sem leiði til þess að kröfur stefnanda séu að einhverju leyti fyrndar. Stefndi mótmælir þessum málatilbúnaði stefnanda, enda eigi hann engin tengsl við atvik málsins og málsástæður stefnanda að öðru leyti.

Varðandi lagarök vísar stefndi til laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, 131., 141. og 142. gr. laga nr. 21/1991, III. kafla og 11. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu svo og til laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Krafa um málskostnað byggist á 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Fyrir dóminn komu og gáfu skýrslu Páll Þór Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnanda. Þá gaf einnig skýrslu [...], löggiltur endurskoðandi, en

hún stjórnaði vinnu við gerð skýrslu um bókhald stefnanda sem gerð var að tilhlutan skiptastjóra stefnanda.

### III

Bú IceCapital ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 14. mars 2012 og var frestdagur í búinu 26. janúar 2012. Þrotabúið höfðaði mál þetta til riftunar á ráðstöfunum sem það telur að hafi falist í greiðslum til stefnda á tímabilinu 17. mars 2010 til 18. janúar 2012, samtals að fjárhæð 20.080.000 krónur, samkvæmt 20 millifærslum frá stefnanda til stefnda. Allar færslurnar voru skráðar í bókhaldi stefnanda sem greiðslur fyrir reikningshald og ráðgjöf. Þá liggja einnig frammi reikningar frá stefnda til stefnanda sem samsvara þessum millifærslum.

Stefnandi reisir kröfu sína aðallega á 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991, sbr. bráðabirgðaákvæði 1. mgr. 194. gr. laganna, og byggir á að um gjafagerning til nákomins hafi verið að ræða og enn fremur að stefnandi hafi á þessum tíma verið ógjaldfær.

Riftunarreglum XX. kafla laga nr. 21/1991 er ætlað að tryggja að markmið laganna um jafnræði kröfuhafa við úthlutun eigna búsins geti náðst. Með gjöf í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991 er átt við ráðstafanir sem leiði til skerðingar á eignum þrotamanns og eignaraukningar móttakandans. Í þessu sambandi verður einnig að líta til þess hvort ráðstöfunin hafi verið gerð í örlætisskyni til aðgreiningar frá ráðstöfunum sem einungis eru viðskiptalegs eðlis. Gagnkvæmir samningar, þar sem verulegur munur er á verðmæti greiðslu og endurgjalds, geta falið í sér gjöf í þessari merkingu.

Varðandi gjaldfærni stefnanda er framangreindar greiðslur fóru fram á tímabilinu mars 2010 til janúar 2012 verður að líta til þess að samkvæmt ársreikningi stefnanda var eigið fé stefnanda neikvætt um 17,5 milljarða króna í lok árs 2008 og rúma 24,6 milljarða króna í árslok 2009. Í ársreikningi stefnanda 2008 segir að tap ársins 2008 nemi 32.262 milljónum króna og eigið fé félagsins sé neikvætt í árslok 2008 um 17.579 milljónir króna. Segir endurskoðandi félagsins í ársskýrslunni að framangreint valdi því að vafi leiki á um rekstrarhæfi félagsins. Í ársreikningi 2009 segir m.a. í skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra að 7.028 milljóna króna tap hafi orðið á rekstri félagsins árið 2009 samkvæmt rekstrarreikningi og að eigið fé félagsins hafi í árslok verið neikvætt um 24.607 milljónir króna. Ársreikningur fyrir 2009 var ekki endurskoðaður af endurskoðanda. Fram kom í skýrslu Páls Þórs Magnússonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra stefnanda, fyrir dómi að stefnandi hefði verið stór hluthafi í íslensku viðskiptabönkunum þremur svo og í Byr sparisjóði. Við hrun bankanna í byrjun október 2008 hafi þessar eignir þurrkast út. Í skýrslu Jóns Kristjánssonar hjá skiptastjóra sagði stefndi, þáverandi stjórnarformaður stefnanda, að við hrun bankanna hafi eignahlið stefnanda horfið og eftir staðið stökkbreytt lán. Fljótlega eftir bankahrunið hafi verið haldinn fundur með lögmönnum og endurskoðanda félagsins í þeim tilgangi að bjarga verðmætum. Hafi verið ákveðið að stofna sjö félög og eignir verið fluttar frá stefnanda til þessara félaga á bókfærðu verði. Páll Þór sagðist hafa hætt sem framkvæmdastjóri stefnanda og hafið störf við rekstur þessara sjö félaga. Því er haldið fram af skiptastjóra stefnanda að eftir þessar ráðstafanir á eignum stefnanda hafi stefnandi verið með öllu eignalaus og ógjaldfær. Sönnunarbyrði um gjaldfærni skuldara hvílir á móttakanda gjafar samkvæmt ákvæði 2. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991. Af

framangreindu öllu virtu telur dómurinn ekki fara á milli mála að stefnandi hafi verið ógjaldfær er greiðslur til stefnda fóru fram á tímabilinu mars 2010 til janúar 2012 og hafi þá ekki getað staðið við skuldbindingar sínar.

Í framlögðum reikningum stefnda er vinnu stefnda fyrir stefnanda lýst sem „reiknishald og ráðgjöf/mánaðargjald“. Vinnunni er ekki lýst frekar með vinnuskýrslum eða öðrum undirgögnum og reikningar ekki sundurliðaðir að öðru leyti. Undir rekstri málsins hefur ekki verið bætt úr þessu af hálfu stefnda. Hins vegar er staðfest með skýrslu [...], löggilts endurskoðanda, að á vegum stefnda hafi verið fært bókhald fyrir stefnanda fyrir árin 2009, 2010 og 2011.

Sem áður sagði er það málsástæða af hálfu stefnda að Páll Þór Magnússon hafi unnið ráðgjafarstörf í þágu þessara sjö félaga sem yfirtóku eignir stefnanda og að sú vinna hafi komið stefnanda til góða. Ekki hefur þó verið skýrt út hvernig ráðgjöf Páls Þórs fyrir þessi sjö félög nýttist stefnanda og hvers vegna stefnanda var gert að greiða fyrir vinnu Páls Þórs í þágu fyrrnefnda sjö félaga. Verður því ekki annað séð en að gjafatilgangur einn hafi búið að baki þeim ráðstöfunum er varða reikninga stefnda vegna ráðgjafar Páls Þórs.

Þá er einnig byggt á því af hálfu stefnda að Hrafnhildur Jóakimsdóttir, starfsmaður stefnda, hafi unnið bókhald fyrir stefnanda en fram er komið að stefndi seldi stefnanda bókhaldsþjónustu í verktakavinnu. Í skýrslu [...], löggilts endurskoðanda, fyrir dómi kom fram að umfang bókhalds stefnanda voru 690 fylgiskjöl árið 2009, 615 fylgiskjöl árið 2010 og 118 fylgiskjöl 2011. Eðlilegt verð fyrir þessa þjónustu hafi verið 270-380.000 krónur árið 2009, 240-340.000 krónur árið 2010 og 50-90.000 krónur árið 2011. Er ekki efni til annars en að taka þessa kröfu stefnda til greina með 810.000 krónum (380.000+340.000+90.000).

Niðurstaða málsins verður því sú að fallist verður á vinnu stefnda vegna bókhaldsþjónustu að fjárhæð 810.000 krónur en að öðru leyti verður talið að um gjöf hafi verið að ræða. Krafa stefnanda verður því tekin til greina með 19.270.000 krónum (20.080.000-810.000)

Stefnandi byggir fjárkröfu sína einnig á 51., og 70. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Þessi kröfugerð stefnanda er ekki í tengslum við málatalilbúnað stefnanda að öðru leyti og tengist ekki málsástæðum stefnanda og kröfugerð sem byggist á XX. kafla laga nr. 21/1991 um riftun á ráðstöfunum þrotamanns og endurheimt verðmæta við gjaldþrot. Fjárfrafa stefnanda verður því ekki reist á fyrrgreindum ákvæðum laga um einkahlutafélög.

Í kröfugerð sinni í stefnu krefst stefnandi dráttarvaxta án frekari tilvísunar. Í lagarökum sínum í stefnu vísar hann til III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu án þess að tiltaka hundradshluta vaxta eða vísa til 1. mgr. 6. gr. laganna. Undir rekstri málsins var bókað af hálfu stefnanda að dráttarvaxtakrafan væri byggð á 1. mgr. 6. laga nr. 38/2001 og mótmælti stefndi að þessi breyting á kröfugerð kæmist að í málinu þar sem hún væri of seint fram komin. Talið verður í samræmi við fordæmi Hæstaréttar, t.d. í dómi nr. 522/2008, að tilvísun til III. kafla nefndra laga í stefnunni hafi verið fullnægjandi og stefnanda leiðréttingin heimil. Dráttarvextir verða dæmdir frá 28. janúar 2013 en þá var liðinn mánuður frá því að stefnandi krafði stefnda um greiðslu kröfunnar, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda 350.000 krónur í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til fimm annarra riftunarmála stefnanda sem flutt voru sama dag.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð**

Rift er greiðslu stefnanda, IceCapital ehf., til stefnda, Fjárfestingafélagsins Pluma ehf., að fjárhæð samtals 19.270.000 krónur sem greiddar voru til stefnda á tímabilinu 17. mars 2010 til 18. janúar 2012.

Stefndi greiði stefnanda 19.270.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 28. janúar 2013 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 350.000 krónur í málskostnað.

Gunnar Aðalsteinsson